

# María Markan in memoriam

Við María Markan vorum vinir, þó að við hittumst ekkert alltof oft og leiðirnar lægju löngum sitt í hvora áttina í daglega lífinu. Þessi vinátta átti sér líka dálítið sérstaka sögu. Árum, jafnvel áratugum saman, var hún algjörlega einhliða, því María Markan vissi ekki einu sinni að ég væri til. Vináttan var heldur ekki við manneskjuna Maríu Markan, heldur við röddina og hennar innri mann, sem röddin endurspeglaði. Það var heldur ekki hin lifandi rödd sem ég kynntist, heldur sú rödd sem talaði til mín af hljóðritunum og hljómplötum. Strax á barnsaldri hafði þessi rödd mótandi áhrif á mig. Í mínum huga var hún bæði vinur og gleðigjafi.

Öll eigum við okkur líkamlega foreldra, en auk þess hittum við fólk á lífsleiðinni, sem hrærir við okkur og leysir eitt-hvað úr læðingi, sem sofið hefði þynnrósarsvefni ef þessi snerting hefði ekki komið til. Sú snerting gerir okkur að því, sem við endanlega verðum, því hún vekur það, sem í okkur blundar, til raunverulegs lífs. Þar með verða þessir einstaklingar á sinn hátt foreldrar að einhverju, sem grær og vex innra með okkur, og gefur tilverunni og okkur sjálfum auk-ið gildi, einhverju, sem við miðlum svo ósjálfrátt áfram, þótt það verði ef til vill í öðru formi.

Rödd Maríu Markan vakti mig á sínum tíma til vitundar um það undur, sem mannsröddin er. Þótt hún sé bundin líkamanum, svífur hún engu að síður frjáls og óháð, túlkar allar hræringar í mannlegri sál fölskvalaust og liggur einhvers staðar á mörkum efnis og

anda. Þannig varð rödd Maríu Markan til þess að ýta úr vör ævilöngu ástarævintýri mínu við mannsröddina.

Persónunni Maríu Markan kynntist ég líka í fyrstu óbeint í gegnum sameiginlegan vin okkar, Dr. Irmgard Kroner, sem var þýskur læknir og bæði vinur og velgjörðarmaður Maríu

Markan á námsárum hennar í Þýskalandi. Dr. Kroner sagði mér margar sögur af hinni ungu, hæfileikaríku stúlku, sem kom frá Íslandi til Berlínarborgar í þeim tilgangi að þjálfast söngrödd, sem átti sér fáa líka. Hún sagði mér líka frá baráttu hennar við að ná valdi á þessari glæsirödd, þrátt fyrir mikla erfiðleika og vanheilsu. Vafalítið er, að kjarkminni manneskja, sem komið hefði til heimsborgarinnar mállaus og vinfá norðan frá Íshafi til að vinna úr þeim hæfileikum sem guð hafði gefið henni, hefði látið bugast. María Markan var sönnun þess, að undur náttúrunnar gerast stundum á furðulegustu stöðum og tímum. Þau geta raunar gerst hvar sem er og hvenær sem vera skal.

Þegar leiðir okkar Maríu lágu saman um síðir í hinni raunverulegu tilveru, og þá að sjálfsögðu fyrir tilstilli Dr. Kroner, átti María langan söngferil að baki og var sest aftur að hér heima, í Laugarnesinu þar sem hún sleit barnsskónum. Hún var þá orðin lífsreynd og þroskuð kona, sem þrátt fyrir

alla velgengni og hæfileika hafði ekki heldur farið varhluta af bakhliðum tilverunnar og mótlæti. Engu að síður hafði hún varðveitt jákvæða lífssýn og æðruleysi gagnvart öllu, sem úrskaiðis getur farið á lífsins ólgusjó.

María Markan sópransöngkona lést í Reykjavík 16. maí s.l. Hún fæddist í Ólafsvík 25. júní 1905 og fluttist til Reykjavíkur árið 1910. Í fjölskyldu hennar var margt tónlistarfólk og naut María tilsagnar í tónlist frá unga aldri. Hún fór í söngnám til Berlínar árið 1927. Á námsárunum hélt María sína fyrstu einsöngstónleika í Reykjavík árið 1930. Hún hélt aftur tónleika í Reykjavík og víða um land að námi loknu haustið 1933. Fyrstu sjálfstæðu tónleika sína í Berlín hélt hún árið 1935 og hlaut mikið lof fyrir. Á næstu árum söng María á tónleikum og við óperuhús í Þýskalandi og víðar í Evrópu. Hún var ráðin að Glyndebourne óperunni í Englandi árið 1939 og hélt að því loknu í tónleikaför um Ástralíu. Vegna styrjaldarinnar í Evrópu fór María til Kanada árið 1940 og var síðan ráðin að Metropolitan óperunni í New York í júní 1941. Hún kom fyrst fram á viðhafnartónleikum í húsinu í desember 1941 og síðan í

hlutverki greifafrúarinnar í Brúðkaupi Figarós 7. janúar 1942. Rógur keppinauta og öfundarmanna kom í veg fyrir frekari þátttöku Maríu í sýningum óperuhússins og fluttist hún aftur til Kanada nokkrum árum síðar. María fluttist alfarin til Íslands árið 1955 og söng með Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðustu tónleikum sínum það sama ár. Hún söng hlutverk „fyrstu konunnar“ í uppfærslu Þjóðleikhússins á Töfraflautu Mozarts árið 1957 og var það síðasta óperuhlutverk hennar. María rak síðan eigin söngskóla í Reykjavík á árunum 1962 – 1983 og við mikla virðingu og vinsældir sem söngkennari. Endurminningar Maríu Markan komu út á bók árið 1965 og 1988 voru gefnar út þrjár plötur með úrvali hljóðritana af söng Maríu á tímabilinu 1929 – 1970. María Markan hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, m.a. riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu.

Undir öllum venjulegum kringumstæðum hefði glæsilegur ferill beðið Maríu Markan í hinum þýskumælandi heimi. En kringumstæður voru ekkert venjulegar. Nasisminn var að ná fötfestu í Þýskalandi og í kjölfarið fylgdi heimsstyrjöld, sem engu og engum hlífði. Þó að hugur Maríu snerist um allt annað frekar en stjórnmal, fór þó ekki hjá því, að hún færi að átta sig á stöðu mála í Þýskalandi og nauðsyn þess að komast í burtu. Leið hennar lá til Kaupmannahafnar, þar sem hún var ráðin til að syngja við Konunglega leikhúsið. Í Kaupmannahöfn hittu hún einnig hljómsveitarstjórnann Fritz Busch, sem þrátt fyrir „arískan“ uppruna og sterka þýska þjóðerniskennd, hafði snúið af alefli gegn nasismanum í föðurlandi sínu. Hann hreifst af Maríu Markan og réði hana strax að Glyndebourne óperunni í Sussex í Bretlandi, sem þá þegar naut mikillar virðingar í tónlistarheiminum.

Þaðan lá svo leið Maríu til Ástralíu, enda ekki afturkvæmt til Danmerkur, þar eð Danmörk var brátt hernumin af Þjóðverjum. Frá Ástralíu lá leiðin yfir Kanada til New York borgar, þar sem María var umsvifalaust ráðin að Metropolitan óperunni. Að svo skyldi fara var mikill persónulegur sigur fyrir Maríu Markan, meiri en margan grunar. Á þeim tímamótum úði og grúði af atvinnulausum, landflóttá óperusöngvurum í New York borg og voru margir hverjir heimsfrægir og með geipilega reynslu að baki. Auk þess var fullt af ágætum bandarískum söngvurum á uppleið. Þarna var því framboð langt umfram eftirspurn af frábærum söngvurum og söngkonum og samkeppnin harðari en nokkru sinni fyrr. Í skjóli hennar þróaðist öfund og afbrýðissemi sem aldrei fyrr, þótt hvorugt sé svo sem óþekkt fyrirbæri í heimi óperunnar.

María talaði sjaldan um velgengni sína og sigra á sviði söngsins. Hún minntist oft á, að frægðin tryggði söngvaranum atvinnu, en væri hvítleið að flestu öðru leyti. Hin raunverulega starfsgleði söngvarans væri falin í því að ná til áheyrandans og snerta strengi í hjarta hans og sál. Bakhliðar



Töfraflautan í Þjóðleikhúsinu 1956. Þorsteinn Hannesson, Kristinn Hallsson, Svava Þorbjarnadóttir, María Markan og Sigurveit Hjaltested.

frægðar og velgengni væru og margar. Þó minntist María sjaldan á það ljóta og grimma einelti, sem hún varð fyrir í New York, þegar farið var að bendla hennar heiðvirda nafn við nasisma, en það varð endanlega til þess að bola henni óverðskuldað út af leiksviði Metropolitan óperunnar. Hins vegar ræddi María oft af miklu raunsæi og heiðarleika um sjálfa sig sem óperusöngkonu og það, hver staða hennar hafi raunverulega verið, þegar hún kom að Metropolitan óperunni.

María taldi sig hafa fengið frábæra söngródd í vöggugjöf, eins og reyndar systkini sín öll. Síin rödd hafi í sjálfu sér engan veginn skarað fram úr röddum hinna systkinanna, heldur hafi hún verið sú sem fékk tækifæri til að stunda alvarlegt söngnám hjá frábærum kennara. Söngnám sitt hafi verið með miklum ágætum, en hins vegar hafi ekki verið lagt eins mikið upp úr dýpt í tónlistarnámi á þeim tíma eins og síðar varð, og hafi það verið sér nokkur fjötur um fót. Fritz Busch og aðrir góðir tónlistarmenn hafi þó síðar verið sér ómetanleg hjálp á þessu sviði. Fyrir bragðið hafi hún verið tilbúin raddlega, þegar hún var ráðin að Metropolitan óperunni, en skort ýmislegt sem einungis lærist af langri reynslu fyrir framan áheyrendur á leiksviði.

María sagðist lengi framan af hafa sungið að mestu eins og hjartað bauð og af algjörrri einlægni, en sig hafi vantað þá fágun og dýpt í skilningi, sem liggur að kjarnanum í gegnum þekkingu og skólun. Þó hafi hún ótrúlega oft „rambað“ (orðalag Maríu) á hina réttu leið af eðlisávisun og skilningi hjartans, sem fari aðrar leiðir að kjarnanum en skynsemin og hugsunin. Í krafti þessa hafi hún yfirleitt náð til áheyrenda, hværrar þjóðar sem þeir voru.

María viðurkenndi fúslega, að áhugi sinn fyrir atvinnu-mennsku í söng hafi dvínað mjög eftir að hún gekk í hjónaband með Georg Östlund og eignaðist eigið heimili, og hafi horfið með öllu eftir að hún eignaðist soninn, Pétur, sem þaðan í frá átti hug hennar og hjarta óskipt. Engu að síður var María óþreytandi við að miðla öðrum af þekkingu sinni og reynslu, jafnvel eftir að hún var að nafninu til sest í helgan stein, og gladdist yfir hverju framfaraspori þeirra, sem hún leiðbeindi. Hún þróaði að ljúka upp dularheimum söngsins og tónlistarinnar fyrir öðrum, enda var heimur söngsins hennar náttúrulegu heimkynni.



Fritz Weishappell, María og Georg Östlund eftir tónleika 1946.

Halldór Hansen